

Fundargerð stjórnar DA sf. 12. desember 2016.

Mætt voru Kristján Þór Magnússon, Erna Björnsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Gunnlaugur Aðalbjarnarson, Jón Helgi Björnsson, Guðný Friðriksdóttir og Steinþór Heiðarsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerðin lesin og undirrituð.

2. Samskipti VELferðarráðuneytis og DA:

Kristján fór yfir samskiptin. Ráðuneytið telur að með rammasamningi um þjónustu hjúkrunarheimila frá október sl. hafi DA skuldbundið sig til að halda rekstrinum áfram. Samþykkt að segja samningnum upp fyrir áramót og uppsögnin tekur þá gildi 1. júlí. Jafnframt var Kristján falið að óska eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins í næstu viku.

3. Rekstraráætlun 2017:

Jón Helgi fór yfir drög að rekstraráætlun. Gert er ráð fyrir að rekstur Hvamms og Víkur verði í jafnvægi en nokkur halli á Stóru-Mörk. Fullbúin rekstraráætlun verður tekin fyrir á fundi í byrjun janúar.

Kristján Þór Magnússon
Erna Björnsdóttir
Sigurður Böðvarsson